

Nd.

31. Frumvarp til laga

um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Thor Thors, Pétur Ottesen,
Guðbrandur Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI

Skipun sjóðsins og ætlunarverk.

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign rikissjóðs, en undir sérstakri stjórn, sbr. 15. gr.

Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánnum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

II. KAFLI

Stofnfé fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

3. gr.

Stofnfé fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til eina millj. króna á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 1. janúar 1937, eftirstöðvar af skuld fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, danskar krónur 750 þús. Afganginn, kr. 250 þús., greiðir ríkissjóður eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins með jöfnum greiðslum á næstu fjórum árum.
2. Helmingur núverandi útflutningsgjalds á hverskonar sjávarafurðum rennur í sjóðinn, unz stofnsjóður hans er orðinn 12 millj. kr. Verði útflutningsgjald sjávarafurða, sem nú er, afnumið með lögum að nokkru eða öllu leyti, áður en sjóðurinn er orðinn 12 millj. kr., rennur í sjóðinn frá þeim tíma $\frac{3}{4}\%$ af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu var létt af, þar til stofnsjóður nemur þeirri fjárhæð, er áður segir.
3. Eignir varasjóðs og veðtryggingasjóðs renna í stofnsjóð.
4. Eignir skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda renna í stofnsjóð fiskveiðasjóðs, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast.

4. gr.

Reiðufé fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem bestum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

III. KAFLI

Útlánastarfsemi fiskveiðasjóðs.

5. gr.

Fé fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlestir, og séu þau ætluð til fiskveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.
3. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlestir.

Veitingar lána samkv. 3. lið skulu hefjast jafnskjótt og fjárhagsstyrkleiki sjóðsins leyfir, að álitu sjóðsstjórnarinnar. Um lánveitingar skal gilda sú meginregla, að lána einungis til nýbygginga.

6. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórn metur gildar, má lána allt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að $\frac{7}{10}$ virðingarverðs.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðum sjóðsstjórnarinnar í hvert sinni.

Lengsti lánstími samkv. 1. lið 5. gr. er 12 ár, og hámark lána út á eitt skip samkv. sama lið 30 þús. kr.

7. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 5. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 24 þús. kr.

8. gr.

Vextir af lánnum úr fiskveiðasjóði skulu vera $4\frac{1}{2}\%$ — fjórir og hálfur af hundræði — á ári og greiðist fyrirfram fyrir eitt ár í senn eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánnum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóv., og má þá ennfremur reikna $\frac{1}{2}\%$ dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

9. gr.

Eignir þær, sem fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lánatakaanda af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimt að skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta váttryggt í váttryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanræksla verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast váttrygginguna og innheimta iðggjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum, jafnt og fyrir láninu sjálfu.

IV. KAFLI

Um greiðslufall lána og réttindi fiskveiðasjóðs.

10. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

11. gr.

Nú er lán úr fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

12. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkv. tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847. 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboð, og skal þar ekki taka mótnæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsinenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn. En aðvara skal hann veðsala um það, í votta viðurvist, með 8 daga fyrirvara.

Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbertingablaðinu.

13. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

V. KAFLI

Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

14. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

15. gr.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af þeim mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal, á miðju hverju reikningsári, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra hvenær sem er krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

17. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávisanir, kvittanir, skuldbindingar og yfirlýsingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignarvottorð og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

18. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu váttryggingargjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi váttryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðtryggt fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandinn lætur váttryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki váttryggingarsamning sinn við félagið.

19. gr.

Í reglugerð fyrir fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í hága við nein ákvæði laganna.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í hága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta höfum við flutningsmenn þess flutt á þrem undanförunum þingum, og er þetta því í fjórða skiptið, sem þingið fær það til meðferðar. Að sönnu hefir frumvarpið ekki verið borið fram alveg óbreytt á öllum þessum þingum, en kjarni þess hefir ávallt verið sá sami, og er enn: Að efla fiskveiðasjóð Íslands svo, að hann verði þess megnugur mjög fljótlega að sjá fiskveiðafлотanum fyrir öllum stofnlánum, og geti jafnframt orðið öflugur stuðningur fyrir þann iðnað, sem vaxið getur upp til hagnýtingar sjávarafurða. Í öðru lagi er lögð áherzla á það í frumvarpi þessu, að sjóðurinn sé efldur á þann hátt, að hann starfi með eigin fé, en ekki með lánsfé. Telja flutningsmenn þetta síðara atriði óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að sjóðurinn geti veitt hagkvæm lán í samræmi við stofnlánaþörf útvegsins til skipakaupa, og umsköpunar aflans í verðmæli.

Þessi stefna var tekin, þegar núgildandi lög sjóðsins voru samþykkt árið 1930. Er með þeim lögum svo fyrir mælt, að sjóðurinn skuli efldur mjög hratt. Ríkissjóði ber samkv. þeim lögum að leggja sjóðnum eina milljón króna, er greiðast skyldi að fullu fyrir 1. júní 1941. Var síðan með reglugerð ákveðið, að þetta ríkissjóðsframlag skyldi greitt með 100 þús. kr. á ári frá 1930. — Auk þess er svo fyrir mælt í lögnum frá 1930, að stofnfé sjóðsins skuli eflt með hundraðsgjaldi af útfluttum fiskafurðum, unz stofnsjóður nemur 8 milljónum kr.

Af þessu sést, að það er langt síðan Alþingi komst að þeirri niðurstöðu, að efla bæri fiskveiðasjóð, líkt og hér er gert ráð fyrir, og setti um það lagafyrirmæli.

En lög þessi hafa verið framkvæmd sem hér segir: Ríkissjóður hefir ekki greitt einn eyri ennþá af milljón þeirri, er honum ber að greiða sjóðnum. Og hundraðsgjaldið af útfluttum sjávarafurðum, eða hluti sjóðsins af útflutningsgjaldinu, var

ákveðinn aðeins $\frac{1}{8}\%$, sem er $\frac{1}{13}$ hluti útflutningsgjaldsins. Hefir sjóðurinn þannig orðið algerlega undir í samkeppninni við ríkissjóð um útflutningsgjaldið.

Afleiðingin af þessari meðferð á fiskveiðasjóðnum hefir orðið sú, að hann hefir orðið að starfa með dýru lánsfé. Hefir þetta kyrkt vöxt sjóðsins, en jafnframt orðið til þess, að hann hefir alls ekki getað veitt viðunandi lánskjör.

Á þinginu 1935 komu fram tvö önnur frumvörp til laga um fiskveiðasjóð. Höfuðmunurinn á þeim frumvörpum og þessu frv. liggur í því, að í þeim báðum er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn starfi aðallega með lánsfé. Á hann samkv. þeim báðum að gefa út handhafavaxtabréf, er nemi þrem milljónum króna. Bæði gera þau ráð fyrir, að lána megi 75-80% til nýrra skipa.

Frumvörp þessi hafa öll verið send stjórn sjóðsins (bankastjórum Útvegsbankans) til umsagnar. Er í bréfi sjóðsstjórnarinnar tekið eindregið undir tillögu frumvarps okkar um eflingu sjóðsins. Í bréfinu segir svo:

„Það verður naumast hjá því komið að auka starfsfé fiskveiðasjóðs áður en langt um líður, ef sjóðurinn á ekki að draga mjög tillínanlega úr lánveitingum á næstunni, frá því sem verið hefir síðastliðin 5 ár.

... Vér vitum að visu, að erfiðleikar eru um greiðslur úr ríkissjóði, en vér teljum það hina mestu nauðsyn að auka fjármagn sjóðsins. Vér teljum því rétt, að hin háttvirta sjávarútvegsnefnd heini sérstaklega athygli sinni að því að auka starfsfé sjóðsins, eins og raunar er sameiginlegt í öllum þessum frumvörpum, þótt það komi fram á mismunandi hátt, og viljum vænta, að nefndinni takist að finna til þess heppilegar leiðir.“

Sjóðsstjórnin andmælir mjög ákveðið, að sú leið sé farin að auka starfsfé sjóðsins með lántökum. Um þetta atriði segir sjóðsstjórnin m. a.:

„Hefir hér að framan verið bent á það, að lántaka handa sjóðnum, er hann ætti sjálfur að standa undir, sé varhugaverð leið til þess að auka útlán sjóðsins. Ef ríkið tæki að sér að greiða sjálfst danska lánið, mundi það auka starfsfé sjóðsins sem svarar afborgunum og vaxtagreiðslum, en sú fjárhæð er nú líðlega 120 þús. kr. árlega, eða lítið eitt hærri fjárhæð en hið árlega tillag, sem ríkissjóði var ætlað að greiða í fiskveiðasjóð samkv. lögum frá 1930, en ekki hefir verið gert.“